

Raforkumálastjóri
Jarðhitadeild

SKÝRSLA UM KORTLAGNINGU GANGA Í ÓLAFSFIRÐI

Eftir

Kristján Sæmundsson

Ágúst 1962

Raforðumálastjóri
Jarðhitadeild

SKÝRSLA UM KORTLAGNINGU GANGA Í ÓLAFSFIRÐI

Eftir

Kristján Sæmundsson

Ágúst 1962

Landslag og staðhættir

Ólafsfjörður gengur til SW frá Eyjafirði utanverðum. Allstór dalur er upp frá honum og er hann sorfinn af skriðjökli, sem átti sér aðdraganda í mörgum körum beggja megin hans. Beggja vegna fjarðarins og eins inn af honum eru há og brött fjöll með egghvössum brúnum milli dala. Fjöllin eru skriðuorpin upp fyrir miðjar hlíðar og dalbotnar allir þaktir lausagrjóti og jarðvegi. Af þessum sökum verður ógreiðbara um að rekja gangana en ella. Einu staðirnir, þar sem sér á bera klöpp eru fjallshlíðar ofar skriðum, gil og áfarvegir, svo og klettótt strönd fjarðarins. Með fjöllin austan fjarðar er það svo, að þau stefna h.u.b. eins og gangarnir, ár sömuleiðis, og þar verður rannsóknnum einungis viðkomið á mjóum rimum í gangastefnunni. Fyrir botni fjarðarins er malar- og sandeyði milli hans og Ólafsfjarðarvatns. Þar sér hvergi í bera klöpp.

Jarðfræði

Berggrunnur er hér myndaður úr platóbasalti. Einstök lög eru að meðaltali 10-15 m þykk. Þessari myndun hallar til vesturs. Getur hallinn verið nokkuð breytilegur, t.d. nálega WNW í Ósbrekkufjalli, en WSW í Ólafsfjarðarmúla. Hallinn er víðast hvar minni en 10° oftast $5-7^\circ$. Í millilögum má oft mæla annan halla, sem víkur töluvert frá þessum gildum, en því kann að valda mislægi vegna veðrunar (Erosions diskordanz) eða upphaflega óslétt yfirborð hraunsins.

Milli blágrýtislaganna eru einatt lög af rauðum vikri og sandsteini, sem oft inniheldur gróðurleifar. Þessi lög eru oftast innan við 1 m á þykkt en stundum miklu þykkari. Mjög sjaldgæft er að finna óhörðnuð malarlög í þessari myndun, en eitt slíkt fann ég þó niðri við sjó fyrir miðjum firðinum að norðan.

Holufyllingar (Calcedon og Zeolítar) eru mjög áberandi. Mestar eru þær þar sem basaltið hefur verið frauðkennt og virðist einu gilda, hvort það er ofarlega eða neðarlega í fjöllumunum. Gegnum blágrýtislögin skerast margir og misjafnlega þykkir gangar. Mest ber á tveimur gerðum í basaltinu í þeim. Annars vegar er dökkt, mjög þétt og fínkornótt basalt, hins vegar gráleitt þétt basalt, sem upphaflega mun hafa innihaldið gler, sem síðan hefur devitrificerast. Oft koma báðar tegundir fyrir í sama gangi, (t.d. við Vatnsenda).

Halli ganganna er austlægur og víkur hann um ca. $5-10^{\circ}$ frá lóðréttri stefnu, og er þannig beinlínis háður höggum blágrýtislaganna. Meira ber á göngum neðarlega í mynduninni en ofar t.d. er það áberandi í Ósbrekkufjalli og sömuleiðis í Finninum. Líklega eru margir af göngum þessum gosgangar, sem veitt hafa fram einhverju ákveðnu blágrýtislagi.


Víða rekst maður á þunnar sæar í sambandi við gangana. Þykkt þeirra, stefna og halli er margvísleg, og hef ég víðast hvar ekki hirt um að kortleggja þær.

Á nokkrum stöðum eru volgrur og alls staðar tengdar göngum. Læt ég fylgja með skissu yfir hitann ofan við Vatnsenda, en hann er hvað mestur. Heildarrennsli á annan 1/sec af ca. $35-40^{\circ}$ heitu vatni.

Í Skeggjabrekkudal er hitinn tengdur við gang svo sem löngu er vitað. Niðri við ána rétt neðan við holurnar er hóll úr samanbakaðri möl og grjóti. Í ánni fram undan hólnum sést í bera klöpp á kafla, og kemur þar í ljós 5 m breiður gangur. Sennilega er allur gangurinn þykkri þótt það sjáist ekki þarna, og má vel vera að hann sé tvískiftur, því að þessi sami gangur er þykkri í fjöllumunum sunnan og norðan við.

Alla þá ganga sem fundust merkti ég inn á loftmyndir. Þar er og skrifuð við þykkt þeirra eins og ég mældi hana þar sem að var komið. Þykktin er engan veginn stöðug, heldur er hún breytileg þar sem rekja má gangana á löngum köflum.

Tvo þverskurði lét ég fylgja með og er lega þeirra merkt inn á loftmyndirnar. B-sniðið er að sjálfsögðu hypótetískt, en gefur þó til kynna að fjölda ganga megi vanta undir bænum sjálfum.



B

A

WNW

ESE

WNW

ESE

0

100

200

300

400

500

600

m

0

1

2

3

4

5 km

0

100

200

300

400

500

m

0

1

2

3

4

5 km

Sýðri
'Árdalur

'Ósbrekku fjall

'Ólafsfjarðar-
vatn

'Ólafsfjarðar-
mullu

'Ósbrekku fjall

Skeggjabrekkuadalur

Þróddstaða fjall

'Ólafsfjarðarvatn

Bustarbrekkudalur

Gardss

Skurðar

↓

↓

↓

↓

↓

↓

↓

↓

↓

↓

↓

↓

↓

↓